

Greinargerð um fund undirnefndar um mannlega þáttinn, þjálfun og vaktstöður (HTW 9), 6. - 10. febrúar 2023

Fundurinn var haldinn í aðalstöðvum IMO í London. Fundinn sóttu eftirtaldir frá Íslandi: Sverrir Konráðsson og Aron Freyr Jóhannesson, báðir frá Samgöngustofu, Hilmar Snorrason frá Slysavarna-skóla sjómanna, Halldór Arnar Guðmundsson frá Félagi vélstjóra málmæknimanna (VM) og Vilbergur Magni Óskarsson frá Tækniskóla Íslands.

Fundir undirnefndarinnar eru haldnir einu sinni á ári þar sem fulltrúar aðildarríkja STCW-samþykktarinnar um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna koma saman og álykta um mál sem snerta hana.

Fundurinn sóttu fulltrúar frá allflestum aðildarríkjum IMO og frá ýmsum sérstofnunum, milliríkja-stofnunum og óopinberum stofnunum. Formaður undirnefndarinnar var Haakon Storhaug frá Noregi.

Þjálfun fiskara – endurskoðun STCW-F samþykktar frá 1995 lokið

Undirnefndin lauk vinnu sinni við að endurskoða og uppfæra alþjóðasamþykkt um þjálfun, skírteini og vaktstöður fyrir sjómenn á fiskiskipum (STCW-F), sem IMO samþykkti árið 1995. STCW-F-samþykktin er bindandi sáttmáli sem kveður á um kröfur um skírteinisútgáfu og lágmarkspjálfun fyrir áhafnir haffiskiskipa með það að markmiði að stuðla að öryggi mannlífa á hafinu og vernda umhverfi sjávar, að teknu tilliti til hins sérstæða eðlis sjávarútvegs og starfsumhverfis við fiskveiðar.

STCW-F-samþykktin tók gildi árið 2012, 17 árum eftir að hún var samþykkt. IMO samþykkti skömmu síðar að endurskoða sáttmálann í því skyni að færa ákvæði hans til nútímahorfs.

Sérstakur vinnuhópur var skipaður á fundinum sem fór yfir síðustu þætti endurskoðunarinnar. Formaður þess vinnuhópar var Ari Guðmundsson frá PEW. Ísland sat í þessum vinnuhópi. Áður en vinnuhópurinn tók til starfa hafði verið unnið að endurskoðuninni í samskiptahópi undanfarin tvö ár undir stjórn Japans.

Endurskoðunin felst í að uppfæra og breyta ákvæðum samþykktarinnar. Hæfniskröfur hafa verið færðar yfir í nýjan lögboðinn kóða sem er hluti samþykktarinnar, viðmiðanir um þjálfun, skírteinisútgáfu og vaktstöðu fyrir áhafnir fiskiskipa (STCW-F).

Undirnefndin samþykkti endurskoðaða STCW-F samþykkt og drög að nýjum STCW-F kóða sem verður lagður fyrir fund siglingaöryggisnefndar (MSC) á 107. fundi sínum (31. maí - 7. júní 2023) til samþykktar, með síðari samþykkt í huga á MSC 108 (sem haldinn verður á fyrri hluta árs 2024).

STCW-F-samþykktin styður samræmingu hæfnispáttá með því að innleiða ákvæði um lágmarkspjálfun fyrir alla sem starfa á fiskiskipum sem samþykktin tekur til. Þetta auðveldar frjálsa för fiskara á milli landa sem hafa fullgilt og innleitt STCW-F-samþykktina og skapað jöfn samkeppnisskilyrði í greininni.

Einnig var unnið að því að leggja lokahönd á drög að leiðbeiningum um læknisskoðun skipverja á fiskiskipum. Sameiginlegur ILO/IMO vinnuhópur um læknisskoðun skipverja á fiskiskipum lýkur við drögin með það fyrir augum að leggja fyrir MSC 108 til samþykktar. Þessi vinna er í tengslum við samþykkt endurskoðaðrar STCW-F-samþykktar frá 1995 og nýja STCW-F-kóðann. Ráðgert er að sameiginlegi ILO/IMO vinnuhópurinn hittist á fyrsta ársfjórðungi 2024.

Þjálfunarákvæði STCW um einelti og áreitni í siglingageiranum, þar með talið kynferðislegt ofbeldi og og kynferðisleg áreitni (SASH)

Undirnefndin samþykkti að leggja drög að breytingum á viðmiðunum um menntun, þjálfun, skírteinis-útgáfu og vaktstöðu sjómanna (STCW) til að koma í veg fyrir og bregðast við einelti og áreitni í siglingageiranum, þar með talið kynferðislegt ofbeldi og og kynferðisleg áreitni (SASH).

Þetta verkefni varð til í kjölfar samkomulags MSC á 105. fundi sínum um að fela HTW-undirnefndinni að þróa og ganga frá viðeigandi ákvæðum um þjálfun samkvæmt STCW áður en lokið væri við áframhaldandi heildarendurskoðun STCW-samþykktarinnar og kóðans.

Samþykkt var að eftir samþykki MSC 107 og umfjöllun sameiginlegs ILO/IMO vinnuhóps til að bera kennsl á og taka á málefnum farmanna og mannlega þáttarins (JTWG) ætti að vísa drögum að breytingum aftur til HTW 10 snemma árs 2024 fyrir lokaumfjöllun með það fyrir augum að þau verði samþykkt á MSC 108.

Nýju ákvæðin munu gilda um alla farmenn með breytingum á STCW-reglunum, töflu A-VI/1-4 (lágmarksviðmið um hæfni að því er varðar einstaklingsöryggi og félagslega ábyrgð), sem samanstendur af nýrri hæfnisskilgreiningu: „Stuðla að því að koma í veg fyrir og bregðast við einelti og áreitni, þar með talið kynferðisofbeldi og kynferðisleg áreitni“.

Tengd þekking, skilningur og færni mun fela í sér að gripið verð til forvarna gegn einelti og áreitni; grunnþekkingu á einelti og áreitni, þar með talið kynferðisofbeldi og kynferðislegri áreitni og samfellu skaða. Ennfremur grunnþekkingu á afleiðingum eineltis og áreitni, þar með talið kynferðisofbeldi og kynferðisleg áreitni gagnvart þolendum, gerendum, nærstöddum, hagsmunaaðilum og áhrifum þess á öryggi. Undirnefndin benti á að valdamisvægi, fíkniefnum eða áfengi kunni að vera beitt til að skapa þvingunaraðstæður sem stuðla að einelti, áreitni, þar með talið kynferðisofbeldi og kynferðisleg áreitni.

Viðbrögð við einelti og áreitni: Hæfni til að bera kennsl á einelti og áreitni, þar með talið kynferðisofbeldi og kynferðisleg áreitni. Grunnþekking á aðgerðum til að grípa inn í og tilkynna einelti, áreitni, þar með talið kynferðisofbeldi og kynferðisleg áreitni. Skilja grunnreglur um áfallaupplýst viðbrögð og hvernig á að veita fórnarlambi, nærstöddum og sér sjálfum viðeigandi stuðning.

Vinnuhópurinn, sem vann heildarendurskoðun STCW-samþykktarinnar og kóðans frá 1978 og undirnefndin höfðu hliðsjón af umræðum og stuðningi hópsins um að þróa og fela í sér sjálfstæða hæfni sem tengist sálrænu öryggi í kafla A-VI/ 1 og töflu A-VI/1-4 meðan á yfirstandandi heildarendurskoðun STCW-samþykktarinnar og -kóðans stendur.

Undirnefndin samþykkti tilmæli vinnuhópsins um að bæta við tilvísun í ákvæði samþykktar ILO um vinnuskilyrði farmanna, 2006 (MLC) um einelti og áreitni og að samræma hugtakanotkun við endurskoðun viðmiðunarnámskeiðs 1.21 (Persónulegt öryggi og samfélagsleg ábyrgð). Samskiptahópur um endurskoðun STCW-samþykktarinnar og -kóðans, sem komið var á fót á fundinum, var boðið að útbúa drög að erindisbréfi fyrir endurskoðun á viðmiðunarnámskeiði 1.21 sem fælu í sér hæfnisviðmið um forvarnir og viðbrögð við einelti og áreitni, þar á meðal SASH.

Undirnefndin samþykkti einnig samkomulag vinnuhópsins um að skoða frekar sönnunargögn um að viðhalda hæfnistaðlinum um forvarnir og viðbrögð við einelti og áreitni, þ.m.t. kynferðisofbeldi og kynferðisleg áreitni, meðan endurskoðun á STCW-samþykktinni og -kóðanum stendur yfir.

Heildarendurskoðun á 1978 STCW-samþykktinni og -kóðanum

Siglingaöryggisnefndin samþykkti á 105. fundi sínum árið 2022 að framkvæma ítarlega endurskoðun á STCW-samþykktinni og -kóðanum og fól HTW 9 að hefja þessa vinnu.

Í kjölfar fyrstu umræðu í aðalsal og framvindunnar í vinnuhópnum sem stofnaður var á þessum fundi undirnefndarinnar fól nefndin samskiptahópnum um endurskoðun STCW-samþykktarinnar og -kóðanum að bera kennsl á þau tilteknu svið sem á að endurskoða og útbúa vegvísi fyrir endurskoðunina. Að ósk MSC samþykki undirnefndin að umræður um ráðstafanir til að tryggja gæði þjálfunar um borð og um ráðstafanir til að stuðla að því að lögboðinn siglingatími, sem krafist er í STCW-samþykktinni, yrði hluti af heildarendurskoðun samþykktarinnar.

Undirnefndin fjallaði um og samþykkti markmið og meginreglur til leiðbeiningar við endurskoðunina.

Ísland lagði fram tillögu til HTW 9 um endurskoðun á STCW-kóðanum er fjallar um brunaæfingar og reykköfun. Tillaga Íslands fól í sér að fella niður kröfu um að nemendur í eldvörnum og kennarar þyrftu að fara inn í lokað rými sem fyllt er af slökkvikvoðu. Rökstuðningur fylgdi tillögunni þess efnis að slíkt verklag væri hættulegt heilsu allra sem málið varðar. Einnig fólst í tillögu Íslands að fella niður kröfu í STCW-kóðanum um róðraræfingar nemenda, enda væri ekki lengur aðstaða hjá þjálfunarstofnunum til að æfa róðra. Flestir skólar hefðu lokaða lífbáta sem ekki væri hægt að róa. Tillögur Íslands verða teknar fyrir með öðrum breytingartillögum að STCW-samþykktinni sem brátt fara í hönd við heildarendurskoðunina.

Tilkynningar um fölsuð skírteini

Undirnefndin benti á upplýsingar sem var miðlað til skrifstofu IMO (HTW 9/INF.2) í 145 skýrslum um fölsuð skírteini sem komu fram 2021 og 2022. Jafnframt var tekið fram að sum aðildarríkin hefðu veitt upplýsingar um skírteini og skjöl umfram ákvæði STCW-samþykktarinnar, svo sem skírteini matreiðslumanna, persónuskilríki sjómanna og læknisvottorð.

Undirnefndin var sammála um að þetta væri allnokkur áskorun fyrir siglingageirann í heild sinni og viðbrögð ættu að vera samræmd meðal allra aðildarríkja sem hlut eiga að máli. Því lagði hún áherslu á þörfina fyrir stöðug og gagnsæ samskipti milli fánaríkja og hafnarríkja um málið.

Undirnefndin ítrekaði einnig nauðsyn þess að aðildarríki og alþjóðastofnanir legðu fram tillögur um stefnu til að taka á vandamálum sem tengjast fölsuðum atvinnuskírteinum.

Staðfesting á tíu viðmiðunarnámskeiða

Undirnefndin staðfesti eftirtalin tíu viðmiðunarnámskeið:

Ný viðmiðunarnámskeið um:

- Þjálfun um öryggi farþega, farmöryggi og vatnspéttleika bols (7. mgr. og 1. viðauki);
- Stjórnun mannafla í vélarúmi

Endurskoðuð viðmiðunarnámskeið:

- 1.23 Hæfni í stjórnun björgunarfara og björgunarbáta annarra en hraðskreiðra björgunarbáta
- 1.24 Hæfni í stjórnun hraðskreiðra björgunarbáta
- 1.20 Brunavarnir og slökkvistarf
- 1.22 Stjórnun vakta í brú
- 2.03 Framhaldseldvarnir og slökkvistarf
- 3.25 Verndarvitund fyrir allt starfsfólk hafnaraðstöðu

- 3.26 Verndarþjálfun farmanna með tilteknar öryggisskyldur
- 3.27 Verndarvitund allra sjómanna

Endurskoðun þjálfunarákvæða í drögum að leiðbeiningum um mótvægisáðgerðir til að draga úr hættu við notkun á þungri eldsneytisolíu (HFO) sem eldsneytis skipa á norðurslóðum

Undirnefndin fór yfir ákvæði um kynningu, þjálfun og æfingar í I. og II. kafla draga að leiðbeiningum um mótvægisáðgerðir til að draga úr hættu við notkun á þungri eldsneytisolíu (HFO) sem eldsneytis um borð í skipum í Norðurishafinu. Undirnefnd IMO um mengunarvarnir og viðbrögð (PPR) samdi þessar leiðbeiningar. Breytingartillögur voru samþykktar og þeim vísað til PPR 10.

Sverrir Konráðsson
Samgöngustofu
10.3.2023